Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

7. tölublað Þriðjudagur 14. febrúar 1978. 7. árgangur Verð kr. 80.-

Mætum kjaraskerðingunni með skæruverkföllum


Ekki eru liðnir átta mánuðir frá sólstöðusamningum ASÍ s.l. vor, þegar ríkisvaldið gerir þá ómerka með lögum frá Alþingi. Gengisfellingin er fyrir þá auðmenn sem útflutningsafurðirnar eiga, en skerðing vísitölubótanna og þeirrar kauphækkunnar er samið var um að til útborgunnar kæmu 1. mars kemur öllum atvinnurekendalíð og öðrum bröskurum í borgarastéttinni til góða. Kaupið er ekki beisið fyrir, lægstu laun eru rétt rúmlega 1oo þúsund á mánuði eða um fjórðungur af meðalkaupi þingmanna.

Þau miklu efnahagsvandræði sem nú steðja að eru ekki tilkomin vegna góðra kjara verkafólks, kjör okkar hér eru svo miklu lakari heldur en í nágrannaríkjunum sem hafa svipaða þjóðarframleiðslu á hvern íbúa. Efnahagsvandræðin eru algjörlega á ábyrgð þeirra er atvinnutæki þjóðarinnar eiga í þeim tilgangi að arðræna verkafólk, auk þess sem borgarastéttin ráðskast með fjárhirslur ríkissjóðs er verkafólk fjármagnar með sköttum.

Verkafólk stjórnar ekki atvinnutækjum þjóðarinnar eða fjárfestingum, við slítum okkur aðeins út mirkranna á milli til að auka gróða og lúxuslíf þeirra er til borgarastéttarinnar teljast. En nú á enn einu sinni að ráðast heiftarlega á kjörin, við verkafólkið eigum að bera efnahagsvandræði auðmannanna með því að minnka við okkur lífsins gæði, sem eru vel að merkja afraxtur okkar vinnu.

Miðstjórn ASÍ hefur skorað á verkalýðsfélög innan sinna vébanda að segja upp kaupliðum þeirra samninga sem nú er ráðist á. Baráttan framundan kemur til með að verða mjög hörð, verkalýðshreyfingin má í engu hvika frá þeirri kröfu að engar kjaraskerðingar verði á þeim smánarlega lágu launum er við vinnum eftir. Það verður að beita áhrifaríkum aðferðum ef takast á að brjóta á bak aftur þessa ósvífnu árás atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra, jafnvel þó að þær brjóti í bága við núverandi vinnulöggjöf. Það eru lýfskjör okkar, kvenna okkar og barna sem við verðum að verja, með miskunnalausum skæruverkföllum er sannað hafa að vera áhrifaríkasta leiðin í baráttunni við árásir atvinnurekenda. Þær verfallsnefndir sem myndaðar verða hjá verkalýðsfélögunum verða að vera vel á varðbergi gegn likind þeirra er nú ráða í ASÍ - forystusveitinni, reynsla undanfarinna ára hefur kennt okkur að margir forystumenn þar taka mjög mikič tillit til greiðslugetu atvinnurekenda og hinns sífellda barrlóms þeirra.

Við eigum í baráttu við tvo óvini, borgarastéttina sem ræðst á kjör okkar og talsmenn hennar innan verkalýðshreyfingarinnar er reyna á allan hátt að sundra og draga úr baráttuþreki okkar. Við skulum ætið hafa þessa staðreynd hugfasta og þá sérstaklega nú, þegar við leggjum út í harða baráttu til að vernda lífsafkomu alþýðuheimilanna.



Hverjar eru raunverulegar orsakir Indókína-deilunnar

Margir hafa áreiðanlega undrast að Vietnam og Kampúchea skyldu berast á banaspjótum, aðeins tveimur árum eftir að þessi ríki heimtu frelsi sitt úr heljargreipum bandarísku heimsvaldastefnunnar. Fljótt á litið virðast fréttaskýringar vestrænna dagblaða vera góðar og gildar. En ef málið er athugað nánar, sést greinilega að átökin orsakast alls ekki af "aldagömlum viðsjám" ríkjanna tveggja. Til þess að skilja deilurnar verður að leita aftur í söguna og hafa jafnframt núverandi efnahagslegt og pólitískt ástand

Efnahagslegir örðugleikar eftir stríðið.

Bæði löndin voru hart leikin efnahagslega, þegar hinni langvarandi og blóðugu styrjöld lauk í apríl 1975. Bandarísku heimsvaldasinnarnir höfðu raunverulega haldið stærri borgum eins og Pnom Pehn og Saigon uppi fjárhagslega - grundvöllurinn undir stríðsrekstri Saigon-klíkunnar og Lon Nol stjórnarinnar var ekki sjálfstæður atvinnurekstur landanna tveggja, heldur milljarðafjárstuðningur frá Bandaríkjunum. Þess vegna lifðu milljónir manna á nærveru bandaríska hersins og stór hluti þjónustu og atvinnureksturs miðaðist við stríðið. Þegar stríðinu lauk var grundvellinum svipt undan þessari tilveru, eftir voru eyddir akrar og sundursprengd mannvirki. Það verður einnig að hafa þá staðreynd í huga, að bæði löndin og sérstaklega Vietnam höfðu notið víðtæks fjárstuðnings meðan á stríðinu stóð og þurftu að því loknu að takast á við uppbyggingarstarfið af eigin rammleik. Í Vietnam höfðu Sovétríkin veitt mikla hernaðaraðstoð og fjármálaaðstoð meðan stríðið geisaði. Þegar því lauk voru sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir búnir að hreiðra um sig í landinu og sýndu ekki á sér fararsnið. Þvert á móti fóru þeir fram á landsvæði fyrir flotastöðvar og juku hernaðarlega og tæknilega "aðstoð" sína. Rússarnir höfðu hins vegar stutt Lon Nol stjórnina alveg fram á lok stríðsins í Kambódíu og þeim var vísað úr landi eftir að Rauðu khmerarnir tóku völdin í apríl byrjun 1975. Eftir stríðið völdu löndin tvö ólíkar leiðir í uppbyggingarstarfi sínu. Vietnam treysti á aðstoð frá Sovétríkjunum og varð í staðinn að líða návist þeirra. Kambódía valdi að byggja upp af eigin rammleik. Þar hófust menn handa

framhald á síðu 2

Ian Smith riðar til falls

Hvíta minnihlutastjórnin í Rhodesíu eða Zimbwabwe, eins og landið heitir á máli innfæddra, riðar nú til falls. Þrátt fyrir að Ian Smith hafi safnað hvíta minnihlutanum að baki sér í síðustu kosningum, hefur staða kynþáttakúgaranna aldrei verið eins ótrygg. Í landinu býr tæplega hálf milljón hvítra en 4 milljónir svartra. Hvítir njóta alls kyns forréttinda, en meirihlutinn er kúgaður á ómannlegan og hryllilegan hátt. Þrátt fyrir ógnarstjórn Smith-stjórnarinnar hefur svört alþýða Zimbwabwe skipulagt sig til baráttu fyrir frelsi sínu og unnið bæði þýðingarmikla hernaðarlega sigra og unnið heimsálitið á sitt band.

Vopnuð barátta fyrir frelsi.

Skæruliðasveitirnar í Zimbwabwe hafa á síðasta ári unnið mikilvæga hernaðarlega sigra. Nærfellt 2000 stjórnarhermenn voru felldir á árinu sem leið og hernaðarleg mannvirki jöfnuð við jörðu. Auk þess hefur alþýðuherinn ZANU tekið miklar vopnabirgðir herfangi og eyðilagt vopn og útbúnað andstæðingsins. Skæruliðasveitirnar sem lúta forystu ZANU hafa þannig snúið vörn upp í sókn og knúið kynþáttakúgarana að samningaborðinu. Meðan vopnaða baráttan var á frumstigi og árangurinn enn lítill létu stórveldin Rhodesíudeiluna, eins og hún er kölluð, sig engu skipta. En eftir að sýnt er orðið, að skæruliðaherirnir muni steypa stjórn Smiths og koma á sósíalisma, hafa Stóra Bretland og Bandaríkin blandað sér æ meira í málið. Nú sem stendur eru Mugabe og J. Nkomo, leiðtogar ZANU staddir á Möltu til samningaviðræðna við breska utanríkisráðherrann, en sambærilegir fundir hafa áður átt sér stað í London - án umtalsverðs árangurs. Tilraunir Smith-stjórnarinnar til þess að kaupa hluta af andspyrnuhreyfingunni og gera hana að lítilþægum peðum sínum, hefur heldur ekki borið tilætlaðan árangur. Nýlega lagði Smith fram tillögu að "lýðræðislegri" breytingu Rhodesíu á fundi sem hann hélt með Muzurewa biskup og Sithole,

framhald á síðu 3



LEIÐARI

Verkalýðsfélögin gegn kjaraskerðingunni

Það hefði sennilega enginn búist við að ríkisstjórnin gripi til svo róttækra ráðstafana í kjaraskerðingarátt og nú er ljóst orðið. Ekki það að ríkisstjórnin hafi ekki haft fullan hug á að grípa til þessara og mun grófari aðgerða, heldur það að þetta verður sennilega ekki til að auka vinsældir stjórnarflokkana. Nú er orð ið nokkuð stutt til kosninga og það er því ljóst að þetta hefur verið örþrifaráð og þeir eru því tilbúnir til að fórna nokkrum atkvæðum fyrir fleiri krónur í sjóði fyrirtækja sinna.

Gengisfellingin hefur þær afleiðingar að gróði útflutningsatvinnuveganna eykst stórlega. Einnig aukast eignir erlendis um það sem gengið var fellt hvort sem íslendingar eiga það í innistæðum í erlendum bönkum eða erlendum fyrirtækjum. Dagblaðið fullyrðir að Jón Sólnes eigi nokkrar milljónir í Finansbanken.

Hann græðir því beint með því að greiða gengislækkuninni sitt atkvæði, Sólnes gætir því eigin hagsmuna á þingi. Það mætti benda á fleiri sem : Framsóknar-

þingliðið gætir hagsmuna Sambandsins og útflutnings þeirra um leið og eignir þeirra hækka um hundruð milljóna vegna ákvörðunarinnar um gengislækkunina. Það sama er að segja um þinglið Sjálfsstæðisflokksins þar sem flokkurinn er á ótal vegu bundinn við atvinnurekendur bæði beint og óbeint.

Það frumvarp sem ríkisstjórnin leggur síðan fyrir um að skerða núgildandi kjarasamninga um 10-12% er síðan gert fyrir þá kapítalista sem ekki starfa við útflutning. Þessar ráðstafanir eru því gerðar af stjórnarflokkunum til að hver fái sitt í flokksklíkunum fyrst gengisfelling fyrir útflutninginn og síðan kjaraskerðing fyrir innlendann markað. Það er óhætt að segja að auðherrarnir eigi sína talsmenn á þingi og þeir sjá um að gróði þeirra skerðist ekki þrátt fyrir vissa erfiðleika. Kreppunni er í auknum mæli velt

yfir á herðar verkalýðsins og stöðugt er þrengt að kjörum hans og allri afkomu. Það er kannski frekar táknrænt að meðan alþingismenn eru að ganga svo gróflega að kjörum alls þorra launafólks eru þeir nýlega búnir að hækka sín eigin um 80%. Auk þess sem þeir hafa öll fríðindi og annað aukalegt skattfrjálst, en beinar tekjur þeirra í dag eru um 400.000 kr. á mánuði.

Þetta sýnir og sannar kannski betur en margt annað hvað hægt er að vera ósvífinn en löglegur ræningi á Íslandi í dag. Greinilegur þjófnaður úr launaumslögum verkafólks er látin heita efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar og skattsvik og óeðlilegar launagreiðslur til alþingismanna, laun vegna aukinna útgjalda og kostnaðar vegna dýrtíðar.

Það er ekki einasta augljóst að því þingliði sem nú situr er ekki treystandi til neins nema óhæfuverka vegna spillingar og mútuþægni heldur er líka ljóst að stofnunin sem slík, ríkisbáknið er gegnumrotið. Aðal einkenni þess er spilling svik og þjófnaður. Slíku kerfi er því ekki treystandi til að rétta þjóðfélagið við eða vernda hagsmuni alþýðunnar. Það er augljóst að þeir verða ekki settir fram af fullri einurð nema af samtökum alþýðunnar sjálfrar, verkalýðsfélag og annara fjöldasamtaka. Megin áherslu verður því að leggja á að verkalýðsfélögin hefji nú þegar öfluga sókn gegn kauptránsstefnu ríkisvaldsins. Sjálfkjörnum fulltrúum eða opinberum embættismönnum verður ekki treystandi til neins slíks því þar á verkafólk sér enga fulltrúa heldur aðeins óvini.

Krafan er því aðgerðir strax , hugsanlega yfirvinnubann og eða skæruverkföll sem fylgt verður eftir með allsherjarverkfalli 1. mars er sú leið sem fara verður. Undansláttur nú mun óhjákvæmilega hafa ósigur í för með sér, ekkert annað en öflug sókn kemur til greina. Aðeins hún getur fært sigur við núverandi aðstæður, en það getur líka skipt sköðum um það hvort laun verkafólks verði færð aftur á bak svo nemi áratugum

framhald af baksíðu

Á Kvennahreyfingin að berjast gegn heimsvaldastefnunni?

fyrir réttindum okkar." Já, hvað var nú þetta?

Þjóðir 3. heimsins urðu margt að þola þegar heimsvaldastefnan teygði sig yfir hnöttinn. Grundvellinum var kippt undan atvinnulífi fólksins, menning þess var slitin upp með rótum -það voru komnir nýir herrar með nýja siði. Heimsmynd þessa fólks var brotin niður og í hennar stað byggð önnur og framandi. Allt verðmætamat breyttist, það sem áður var gott og gilt var nú einskis virði en áður óþekktir þættir fengu gildi. Ofan á allt þetta átti svo að bætast að konan hætti að sinna heimili og eiginmanni og fjölskyldulífið færi einnig í upplausn. Var nema von að þegar allri haldfestu var svo gjörsamlega kippt undan tilverugrundvelli fólksins, þá skapaði það með því óöryggi og skort á sjálfstrausti? Þessir nýju herrar voru líka svo djöfull voldugir með allan sinn her og alla sína tækni. Heimsvaldastefnan réðist ekki aðeins á menningu þessa fólks, heldur færði einnig með sér arðrán og kúgun. Það er þetta ástand sem konum 3. heimsins finnst brýnna að berjast gegn, en að krefjast sömu möguleika og karlar á verða bankastjórar prestar eða lögfræðingar.

Er það þá rétt að það sé brýnna fyrir baráttu þjóða 3. heimsins að konur standi við hlið eiginmanna sinna, en að þær krefjist jafnréttis? Þetta mál hefur eins og öll önnur tvær hliðar, - það er bæði rétt og rangt. Það væri rangt ef það leiddi til þess að konur tækju ekki þátt í baráttunni sjálfar, heldur sætu bara heima og hughreystu eiginmennina. Alþýðan vinnur ekki nokkra baráttu ef helmingur hennar situr hjá. Því hafa kommúnistar alltaf bent á og benda enn á, að án þátttöku kvenna er byltingin óframkvæmanleg. Við skulum því líta á réttu hliðina. Hún er sú að konur standi við hlið karla með þátttöku í baráttunni. Því vinna framsæknar kvennahreyfingar nú að því að fá bæði karla og konur til að líta á hvert annað sem jafningja og bandamenn en ekki sem samkeppnisaðila.

Heimsvaldasinnum er ljós hætta sem fylgir samstöðu alþýðunnar og reyna þeir því allt til að sundra henni, ýmist með því að etja saman kynþáttum, skapa ríg milli verkafólks með mismunandi launum, eða með sundrun karla og kvenna. Í síðast talda atriðinu birtist m.a. sérstaða kvennahreyfingarinnar í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni. Heimsvaldasinnar reyna allt hvað þeir geta til að telja alþýðu manna trú um að allt sem þurfi til að öðlast "hina gömlu góðu daga" sé að konurnar haldi sig á heimilinu. Með þessu vonast þeir til að geta viðhaldið sundrungu alþýðunnar. En alþýðan er að gera sér ljóst að frelsið fæst ekki með því að hverfa aftur til fornra hátta, heldur með því að reka af höndum sér kúgara sína-innlent og erlent auðvald- og byggja þess í stað eigið þjóðfélag sósíalismann.

Sérstaða kvennahreyfingar í baráttu gegn heimsvaldastefnu er að vinna að samstöðu karla og kvenna til baráttu gegn heimsvaldastefnunni. Án þátttöku kvenna verður engin bylting gerð. En með sameiningu alþýðunnar er stórt skref stigið til grundvallar sigursællar baráttu. SAMSTAÐA KVENNA OG KARLA GEGN ALLRI HEIMSVALDASTEFNU.

Hverjar eru raunverulegar orsakir Indókína-deilunnar

framhald af forsíðu

við að treysta grundvöllinn undir atvinnulífi landsins - landbúnaðinn. Milljónaborgin Pnom Pehn, sem vaxið hafði upp úr bandarísku gjafakorni hefði á skömmum tíma orðið hungursneyð að bráð, ef yfirvöld landsins hefðu ekki gripið til þess ráðs að virkja alla borgarbúa í landbúnaðarframleiðslu. Meirihlutinn hélt til sveitanna og tók til við akuryrkju. Minnihlutinn, mest menntafólk og fyrrum handbendi bandarísku heimsvaldasinnanna, undu ekki líkamlegri vinnu og flúðu til ná grannaríkjanna. En ofan á eyðileggingu styrjaldarinnar hefur bæst geysilegt þurrviðri sem þegar hefur valdið uppskerubresti í Laos og Vietnam svo alvarlegu í Laos, að ráðamenn þar hafa beðið umheim inn um aðstoð til að hindra hungursneyð. Kambódía hefur ekki orðið eins illa úti í þurrkunum, einmitt vegna þeirrar áherslu sem lögð var á landbúnaðinn og þeirrar staðreynd ar að síðan stríðinu lauk hefur víðtækt áveitukerfi verið byggt um landið allt.

Meðan á baráttunni gegn bandarísku heimsvaldastefnunni stóð, höfðu kommúnistaflokkar Vietnam, Kambódíu og Laos sameinað baráttu sína og náin vinabönd sköpuðust milli ríkjanna þriggja. Ho Chi Minh hinn mikilhæfi leiðtogi vietnömsku alþýðunnar var ekki síður virtur og elskaður af stríðandi alþýðu Laos og Kambódíu. Meðan á frelsisstríðinu stóð, var hugmynd hans um Indókínverskt sambandsríki mjög nærtæk. En eftir að Sovétsku sósíalheimsvaldasinnarnir tóku sér bólfestu í hinu stríðshrjáða Vietnam, hefur djúptækur klofningur skapast milli ríkjanna þriggja. Hugmyndin um Indókínverskt sambandsríki var tekin upp af Rússum og í tilraunum sínum til að ná fótfestu í Asíu, reyna þeir nú ákaft að skapa slíkt sambandsríki. Hafa verður í huga að Vietnam er fjölmennasta landið og þróaðast að auki Indókínverskt sambandsríki yrði því undir forystu þess, a.m.k. hvað varðar efnahags- og utanríkismál. Þessi fyrirætlun Rússa, að sundra alþýðu Indókína og beygja hana undir kúgun sína, hefur þegar beðið skipbrot, þrátt fyrir ítök Sovétríkjanna í Vietnam. Það sýnir best sú styrjöld milli Kambódíu og Vietnam, sem staðið hefur síðan í september á síðasta ári. Vietnamar hafa þegar yfir 30 þús. manna herlið á Laos og þar eru einnig rússneskir ráðgjafar í þúsunda tali. En tilraunir þeirra til að leika sama leik í Kambódíu hafa mistekist og alþýða Kambódíu hefur sýnt í verki, að hún óttast hvergi og er reiðubúin að verja sjálfræði sitt. Undir forystu Kommúnista flokks Kambódíu mun hún aldrei gefa eftir fyrir ógnum sósíalheimsvaldasinna eða annarra.

Sovétríkin bera ábyrgð á ofriðinum.

Sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir hafa afhjúpað landvinninga- og íhlutunarstefnu sína ljóslega á undanförnu ári. Þeir hafa blandað sér í innanríkismál fjölmargra Afríku- og Asíuríkja og segja má, að hvarvetna þar sem styrjöld brýst út, hafi Sovétríkin hönd í bagga. Þegar Angóla vann frelsi sitt undan portúgölsku nýlendustefnunni, varð alþýðu landsins ekki unnað að taka til við friðsamlega uppbyggingu lands síns. Þar logar enn borgarastyrjöld og orsakir hennar eru einvörðungu af skipti Sovétríkjanna af innanríkismálum Angóla. Hið sama er uppi á teningnum í Indókína; friðsamleg uppbygging landanna þriggja getur ekki orðið að veruleika fyrr en sovéska sósíalheimsvaldastefnan hefur verið sigruð og gerð burtræk úr Indókína. Þar má sjá enn eitt dæmið um stjórnlist sovésku kúgaranna. Þeir sundra alþýðunni í nafni sósíalismans; etja alþýðu eins lands gegn alþýðu annars, í þeim tilgangi að drottna sjálfir. Hin gamla stjórnregla heimsvaldastefnunnar - að deila og drottna - er kjarninn í stjórnlist sovésku sósíalheimsvaldasinnanna. Það er ekki fjandskapur milli tveggja þjóða, milli vietnama og khmera sem orsakar landamæradeilurnar, það er íhlutur sovéska risaveldisins og vitfirrt landvinningastefna þeirra sem veldur.

Áskrifendur athugið!

Lausasala kr 80.-

Heilt ár eða 48 tölublöð	Baráttuáskrift	kr. 5.500.-
" " " " "	Venjuleg áskrift	kr. 3.500.-
Hálft ár eða 24 tölublöð	" "	kr. 2.000.-
Erlendis, sent vikulega, 48 tbl.		kr. 7.000.-
Erlendis sent hálfsmánaðarlega (2 blöð í einu)		kr. 5.500.-
Til öryrkja og aldraðra, heilt ár		kr. 500.-

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud 15-18,30

● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti23.
● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.
● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.
● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum38.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.
● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.

● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v. 444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.
● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson. Kämnärsvägen 11 N : 220. 22246 LUND

Byltingaráróður á kvikmyndahátíð

Dufþakur

Á nýafstaðinni kvikmyndahátíð í Reykjavík, kenndi margra grasa. Kvikmyndirnar voru frá einum 15 löndum, gerðar við hinar ólíkustu aðstæður og túlkuðu mjög mismunandi viðhorf höfunda sinna til samtímans og þess umhverfis, sem þær eru gerðar í. Allar hafa þær víst hlotið viðurkenningu fyrir listrænt gildi, en hér skal enginn dómur lagður á það, hvort slíkt gildismat sé réttlætanlegt með öllu eður ei.

Það er að sjálfsögðu ekki ætlunin að fara að rekja hér efnisþráð þessara mynda; þess í stað verður látið nægja að segja frá einni þeirra, kvikmyndinni Fyrirheitna landið, gerðri af chileanska kvikmyndahöfundinum Miguel Littin.


Fyrirheitna landið er tekin í Chile á valdatímum stjórnar Allendes. Höfundinum tókst ekki að ljúka við endanlega gerð hennar í föðurlandi sínu vegna valdaráns hersins í september ´73. Hann var einn þeirra fjölmörgu manna, er fluttir voru á knattspyrnuvöllinn í Santiago þar sem herinn framdi hin hroðalegustu pyntingarverk á fólki, sem honum var ekki að skapi. Um síðir tókst Littin að sleppa þaðan og flýja til Kúbu þar sem hann lauk endanlega við kvikmyndina.

Þeir atburðir, sem Fyrirheitna landið lýsir, eiga sér stað um 1930 eða þegar heimskreppan er í algleymingi. Hún segir frá fátækri bændaalþýðu, sem misst hefur aleigu sína í kreppunni og verður að flýja landshorna á milli. Að lokum rekst fólkið á frjósaman dal þar sem það reisir bú og tekur að yrkja jörðina. Um þessar mundir er hugmyndafræði kommúnismans að breiðast út um öll lönd, fyrst og fremst vegna áhrifa frá októberbyltingunni í Rússlandi. Stjórnarskipti verða í Chile, umbótasinnuð stjórn kemst til valda. Bændurnir skipta með sér jörðunum. Það ástand varir ekki lengi, enn verða stjórnarskipti og um síðir tekst auðvaldinu með vopnavaldi að brjóta á bak aftur uppreisn alþýðunnar.

Með þessari mynd tekst Miguel Littin á svo snilldarlegan hátt að sameina byltingarsinnað innihald og listrænt form að úr verður mjög áhrifaríkt kvikmyndaverk. Myndin er sannkallaður byltingaáróður þar sem blandað er saman við hverdagslegt; raunsæið alls kyns táknmyndum, söng og ljóðlist. Allt er þetta tjáð á svo stílrænan og trúverðugan hátt, að útkoman verður í senn heillandi og fagurt kvikmyndaverk.

Þrátt fyrir að her hinna nýju valdhafa takist í lok myndarinnar að stráfella hina hetjulegu bændaalþýðu ber engan veginn að skilja þessa mynd sem eitthvert bölsýnisverk. Þær táknmyndir, sem birtast okkur í lok kvikmyndarinnar sýna ótvírætt fram á, að barátta alþýðunnar gegn kúgunaröflunum muni halda áfram og að sú barátta geti einungis verið háð með vopnum.

Óneitanlega leiða þessar táknmyndir hugann að því, sem raunverulega varð Allende-stjórninni að falli. Mistök alþýðuhreyfingarinnar, sem studdi Allende til sigurs í kosningunum, fólust fyrst og fremst í því, að alþýðan háði baráttu sína án vopna. Og ósigur alþýðunnar kostaði miklar og sárar fórnir. Af þessu verða allir sannir baráttumenn gegn heimsvaldastefnu og afturhaldi, hvar sem það birtist, að læra.



Atriði úr myndinni FYRIRHEITNA LANDIÐ.

Þrjú ljóð eftir Helga Jónsson

Báknið burt !

Burt með báknið !
segja ungir menn
með hreinar hugsanir
og standa föstum fótum
í kviksyndi frelsisins
í skugga Morgunblaðshallarinnar.

Og Höllin grúfir
yfir hugskoti okkar,
eins og miðaldamyrkrið,
sem grillti þó alltaf gegnum.

Burt með báknið !

Brjótum niður Morgunblaðshúsið
svo að rofi til í hugum okkar
og við getum veitt öðrum
betra frelsi en það sem við
erum föst í.

Aðvörun.

Félagar ! Borgarar !

Hætta steðjar að !
Afkomu vorri er ógnað !
Auðlindir jarðarinnar er að þrjóta .

Bregðist fljótt við !

Étið ! Gleypið !

(áður en næsta kynslóð étur frá okkur)

Dægurmál, eða hvað ?

"Gróðurinn eltir malbikið !"
hrópaði borgarstjórinn
og klappaði saman lófunum
og allir voru kátir og
töluðu um græna byltingu.

"Burt með þessi gömlu hús !"
hrópaði Íhaldið.
"Við viljum steypa og malbika
svo græna byltingin
haldi áfram."

"Mannlífið eltir skipulagið !"
hrópaði forseti borgarstjórnar
og menn voru hamingjusamir
og ræddu um frelsi.

Svo koma þessir andskotar
og malbika frelsið.

Þeir eiga víst það, eins og annað.

Helgi Jónsson

framhald af baksíðu

Látum hundrað blóm blómstra

aralegum ítroðsluformúlum, einsog tilvitnunin gefur í skyn. En því miður hefur sá borgaralegi áróður að þetta sé skoðun kommúnista á list fest rætur ansi víða. Það kemur m.a. fram í þeirri barnalegu afstöðu sumra kommúnista, að öll list sem ekki fjallar um stéttabaráttu útfrá sjónarmiði byltingarsinnans sé borgaraleg. Samkvæmt þessu er tónlist án texta óhjákvæmilega borgaraleg. Það getur jafnvel gengið svo langt að það sé "slappt" af listamanni að ræða kjör verkamanna án þess að "benda á hina réttu leið". Það er að segja að það þurfi nauðsynlega að gera byltingu. Þetta er álíka gáfulegt og að heimta það að á öllum mannamyndum séu fæturnir sýndir, svo að það sé á hreinu að viðkomandi sé ekki fótalaus. Saga ljóð, ljósmynd eða lag geta sagt okkur margt, jafnvel þó hvert einstakt verk sé ekki þjóðfélagsleg alfræðiorðabók. Til dæmis má nefna verk eftir sjálfan höfuðpaur sósíalrealismans, Maxím Gorkí, Náttbólið, sem sýnt var hér í Þjóðleikhúsinu í fyrravetur. Þar nefnir Gorkí byltinguna hvergi á nafn, jafnvel þó hann sé að fjalla um fórnarlömb ómögulegs þjóðfélags. Hann lætur sér nægja að draga upp raunsæa mynd, gefa í skyn, en lætur áhorfandann um að draga ályktanir af því sem hann hefur séð, í trausti þess að hann hafi heilann til að hugsa með. Hann hefði svo sen getað sett einsog einn gallharðan byltingarmann í leikritið, til að segja okkur hvað sé rétt og hvað rangt.

En hefði hann gert rétt í því? Hefði áhrifamáttur verksins orðið jafnmikill ef allt hefði verið á hreinu þegar tjaldið féll og engin ófundin svör handa áhorfandanum að glíma við? Ég leyfi mér að efast um að rétt sé að líta á pólitíska list aðeins sem aðra aðferð við að boða "réttu línuna", sem kemst fullt eins vel til skila í áróðursræðu eða riti. Og hver er svo dómarinn yfir réttri og rangri stefnu?

Og út frá hvaða forsendum á hann að dæma? Réttar hugmyndir þróast í baráttunni við þær röngu. Ég held að við getum óhikað tekið undir með féaga Maó Tse-tung, en hann sagði um þessi mál: "Látum hundrað blóm blómstra og hundrað stefnur takast á."

framhald af forsíðu

Ian Smith riðar til falls

en þessir tveir leiða hreyfingu svartra sem reiðubúin er að semja frið við kynþáttakúgarana. Ætlun Smiths var að fyrirkomulag "lýðræðisins" yrði á þann veg, að hvítir menn hefðu 2 atkvæði en svartir 1 í þingkosningum landsins. Muzurewa gat ekki fallist á þetta "lýðræðisfyrirkomulag" og yfirgaf fundinn í fússi. Þessar tilraunir Smiths til samninga við svarta leiðtoga, miða að því að svipta skæruliðasveitir ZANU hinu mikla fylgi sínu og koma lítilþægum og auðkeyptum peðum í sameiginlega stjórn svartra og hvítra undir eigin forystu. Það sem hefur knúið fram þessar örvæntingarfullu tilraunir Smiths, er fyrst og fremst hernaðarlegir sigrar ZANU og vaxandi fylgi þeirra meðal alþýðu Zimbwabwe. Það sýnir enn einu sinni réttmæti þess, að alþýðan getur aðeins frelsað sig með vopnum. Það sannar okkur að sigurinn verður aðeins unninn, ef auðvaldið er lagt í gröfina með vopnum -makk um stéttasamstarf leiðir aðeins til þess að kúgunin heldur áfram og frelsinu verður skotið á frest.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17?
101 R

Klofningsbrölt á ráðstefnu vinstristúdenta

Sunnudaginn 12. febrúar, var haldin kosningaráðstefna vinstrimanna í Háskóla Íslands Á þessa ráðstefnu var öllum vinstrimönnum í háskólanum boðið til að ræða sameiginlegan kosningagrundvöll vinstrimanna í komandi kosningum í lok mars. Þau mál sem lögð voru upp voru, lánamál, menntamál, félagsstofnun stúdenta og skipulagsmál vinstri-meirihlutans. Stéttabaráttan náði tali af einum forystumanna vinstristúdenta, skömmu eftir ráðstefnuna.

STB: Hvernig er starfi vinstri stúdenta háttað?

- Vaninn er sá í starfsháttum vinstristúdenta að halda meiri hlutafundi og ræða þar ágreinings og stefnumál vinstristúdenta. Eru þessir fundir haldnir mánaðarlega að jafnaði, auk ráðstefna sem eru tvær yfir veturinn. Því ber ekki að leyna, að innan raða vinstristúdenta er að finna hina ýmsu skoðanahópa, en eitt sameinar vinstristúdenta og það er félagshyggjan og barátta gegn afturhaldinu í háskólanum. Þau mál sem við berjumst helst fyrir eru, jafnrétti til náms og menntun er mannréttindi. Þessum markmiðum viljum við m.a. ná með því að auka efnaleg og félagsleg skilyrði fólks, opna háskólann fyrir öllum sem vilja reyna við faglegar kröfur skólans, í stað þess að þurfa að ganga undir formlegar kröfur eins og t.d. stúdentspróf. Einnig er eitt af þeim málum sem þessu viðkemur, áframhaldandi barátta gegn vísitölubindingu námslána. En fjölmörg baráttumál önnur eru í deiglunni, sem of langt mál væri upp að telja.

STB: Skeði eitthvað markvert á þessum fundi? Kom eitthvað nýtt fram?

- Þessi ráðstefna gekk fyrir sig eins og aðrar ráðstefnur, stefnan var rædd og ágreinismál dregin fram í dagsljósið og reynt að gera þau upp. Það var þó eitt sem setti svip sinn á þessa ráðstefnu öðru fremur en það var að þar mættu nokkrir félagar úr EIK(m-l), sem héldu uppi harðri gagnrýni á stefnu vinstri-meirihlutans. Þetta kemur sérstaklega á óvart, þar sem fulltrúar þeirra hafa ekki áður sett fram slíka gagnrýni á fundum vinstri-meirihlutans. Þó ber þess að geta að í málgagni þeirra Eik-manna hefur verið haldið uppi skítkasti á vinstri-meirihlutann og stefnu hans. Þá vakti það og furðu manna, að formaður hagsmunaráðs og einn studentaráðsliða (báðir Eikarar) neituðu að taka þátt í undirbúningi kosninganna, þar á meðal að starfa í stefnuskrárnefnd. Furðulegt var í þessu sambandi að þeir settu nokkur ágreiningsmál á oddinn og virtust ekki geta sætt sig við málamiðlanir og þær tilslakanir sem gerðar voru af okkar hálfu, en slíkt er nauðsynlegt í breiðfylkingu sem þessari. Mönnum sem sátu ráðstefnuna kom saman um að svo virtist vera sem að þeir kærðu sig ekki um að fá sæti í stefnuskrárnefnd til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Undir lok fundarins var málum svo komið að þeir risu úr sætum, þvertóku fyrir nefndarsetu og gengu af fundi og báru því við að einn fundarmanna hefði íað að því í hálfkæringi að vafasamt væri að Eik-menn og vinstrimenn ættu samleið. En fullur vilji var engu að síður til samstarfs og málamiðlana hjá okkur. Ég tel svona klofningsbrölt vera síður en svo til að styrkja stöðu stúdenta í hagsmunabaráttunni. Það er eingöngu til þess fallið að styrkja afturhaldið í skólanum.

STB: Að lokum, telur þú að Eik-menn, í ljósi þessara atburða, hyggi á sérframboð í væntanlegum kosningum til stúdentaráðs og háskólaráðs?

- Já, leiða má að því líkur, að hér hafi aðeins verið um að ræða undirbúning Eik-manna fyrir slíkt framboð. Og það felst að sjálfsögðu í að hér hafa þeir hugsanlega verið að búa til tilefnið í slíkt framboð. Í því tilfelli treysti ég fullkomlega á dómgreind þess meiri hluta stúdenta sem hefur stutt stefnu okkar til sigurs undanfarin ár. Að lokum vil ég láta í ljós þá ósk að vinstristúdentar eigi eftir að auka virkni sína og einingu.

8. mars Rauðsokka

Þann 8. mars, á alþjóðlegum baráttudegi verkakvenna, mun Rauðsokkahreyfingin standa fyrir veglegum fundi í Félagsstofnun stúdenta.

Aðdragandi þess að Rauðsokkahreyfingin heldur fund á þessum degi er sá, að í desember síðast liðnum, kom upp sú hugmynd í Verkalýðsmálahóp hreyfingarinnar, að reyna að vekja upp sterka hefð fyrir því að 8. mars verði virtur sem baráttudagur verkakvenna. Fékk þessi hugmynd strax mikið fylgi innan Verkalýðsmálahóps.

Þetta byggist á þeirri skoðun hreyfingarinnar að það eigi að heyja kvenfrelsisbaráttuna, á grundvelli stéttabaráttunnar og að það verði enginn sósíalismi án fullrar þátttöku kvenna í sköpun hans.

Verkalýðsmálahópur Rauðsokkahreyfingarinnar lagði síðan þessa hugmynd sína fyrir ársfjórðungsfund hreyfingarinnar og var hún þar samþykkt, jafnframt var samþykkt að fela verkalýðsmálahóp að sjá um allan undirbúning fyrir fundinn. Hefur sá undirbúningur staðið í mánuð og er ágætlega á veg kominn. Reynt hefur verið að miða dagsskrá við það að hún hæfi baráttudegi verkakvenna. Það kann sumum að finnast það einkennilegt að hreyfing sem er að mestu samsett úr menntakonum skuli heyja sína baráttu á grundvelli verkalýðsstéttarinnar. Það er það þó ekki ef lögð er til grundvallar sú stefna að misréttið sé hluti af kapítalismanum og að jafnrétti kynjanna náist aðeins í sósíalismanum, alræði verkalýðsins. Þess vegna hljóta það að vera verkakonur sem leiða baráttuna fyrir réttindum kvenna, því ekki fara konur af borgarastétt að berjast fyrir sósíalisma.

Þannig hlýtur það að vera stefna allra sannra kvennréttindahreyfinga að heyja baráttuna á grundvelli verkalýðsstéttarinnar og að verkakonur taki fullann þátt í henni og út frá grundvallarskoðunum okkar hlýtur það að vera eðlilegast að þær leiði baráttuna fyrir eigin frelsun og annarra.

Það er skoðun verkalýðsmálahóps að verkakonur þurfi að hafa sérstakan baráttudag vegna hinnar sérstöku kúgunar sem er á konum.

Verkalýðsmálahópur hvetur sem flestar konur og þá sérstaklega verkakonur til að taka þátt í undirbúningnum fyrir fundinn og öðru jafnréttisstarfi.



Á Kvennahreyfingin að berjast gegn heimsvaldastefnunni?

1. febrúar s.l. var stofnuð í Reykjavík "8. mars-hreyfingin" og er ætlun hreyfingarinnar að standa fyrir fundi í Tjarnarbúð á alþjóðlegum baráttudegi verkakvenna þann 8. mars. Hreyfingin starfar undir tveim aðal kjörorðum: KVENNABARÁTTA Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU og sem helstu baráttumál þar: -Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum. -Dagvistarrými fyrir öll börn. -Fulla atvinnu- gegn fjöldauppsögnum. - Sjálfsákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðinga. Hitt kjörorðið er: GEGN ALLRI HEIMSVALDASTEFNU og helstu baráttumál þar: -Gegn stríðsfyrirætlunum risaveldanna. Ísland úr NATO - herinn burt.

All nokkuð hefur verið fjallað um kvennabaráttu á grundvelli stéttabaráttu í Stéttabaráttunni og verður það ekki gert að umfjöllunarefni í þessari grein. Hins vegar hefur ekki verið bent á hvernig kvennabarátta tengist baráttunni gegn heimsvaldastefnunni. Verður reynt að gera því nokkur skil í þessari grein.

Þegar minnst er á konur og and-heimsvaldasinnaða baráttu í senn, dettur flestum í hug friðarhreyfingar. Friðarhreyfingar eru margar og margvíslegar. Sumar eru afturhaldssamar og starfa undir kjörorðinu: "Betra er að svelta í friði en að berjast fyrir brauði." Aðrar eru framsæknar og berjast gegn og afhjúpa orsök ófriðarins -heimsvaldastefnuna- með því að höfða til "friðarsinna". En ekki eru þetta einkamál kvenna og hvernig getur þá kvennabarátta snúist gegn heimsvaldastefnunni á sérstakan hátt?

Á "kvennaárinu" svo nefnda 1975, voru haldnar margar ráðstefnur um réttindi kvenna: Kom þar í ljós nokkur ágreiningur milli kvenna úr ríkjum 3. heimsins og kvenna frá Vesturlöndum og voru þær vesturlensku alveg gáttaðar á afturhaldssemi hinna. Konur 3. heimsins sögðu nefnilega margar hverjar: "Það er ekki aðal baráttumál okkar að fá full réttindi á við karlmenn. Þjóðir okkar eiga við erfiðari vandamál að glíma. Við þurfum að standa við hlið eiginmanna okkar og efla sjálfstraust þeirra, svo þeir séu reiðubúnir til baráttu

framhald á síðu 2.

Látum hundrað blóm blómstra

Hingað til hefur Stéttabaráttan lítið fjallað um svokölluð menningarmál. Það stafar þó ekki af því að félagar í Kommúnistaflokknum hafi ekki áhuga á efninu. Bæði innan flokks og utan fara fram líflegar og á köflum nokkuð heitar umræður um listina tilgang hennar og gildi. Koma þar upp ýmsar skoðanir og allavega túlkanir. Kommúnistar skoða listina í ljósi stéttabaráttunnar, og segja að listin sé ekki yfir þjóðfélag og vandamál mannlífsins hafin. Hún er aðeins tjáning á reynslu, viðhorfum og tilfinningum listamannsins, en allt þetta er háð umhverfi hans, þjóðfélaginu. Hinsvegar eru þeir sem segja "listin fyrir listina" og halda að listin sé eitthvað háleitt og göfugt, utan og ofan við brauðstrit og dægurþras. Þarna er um að ræða djúpan ágreining, tvær ósættanlegar stefnur.

Mikill misskilningur, eða öllu heldur rangtúlkun á stefnur kommúnista í þessu máli veður nú uppi, jafnvel í þeirra eigin herbúðum. Hann er sá, að fyrir okkur sé ekkert til sem hægt er að kalla listgildi, að við lítum á listina sem einbert valdaáróðurstæki. Þetta hefur oft heyrst, og má m.a. finna þess skoðun í uppflettiritinu Bókmenntir eftir Hannes Pétursson sem er hluti af bókaflokknum Alfræði Menningarsjóðs. Þar er því haldið fram að sósíalrealismi sé "sovésk bókmenntastefna sem einnig hefur fest rætur í alþýðulýðveldum Austur-Evrópu..."Þetta var skrifað árið 1972. Það er rétt að sósíalrealisminn var upphaflega sovéskur. En hvaða stefna var það nú aftur sem íslenskir sósíalistar fylgdu í Rauðum pennum? Og undir hvað ætli maður eigi að flokka kínverskar nútímabókmenntir? Ennfremur segir Hannes:"sósíalrealisminn er að því leyti " nytsemistefna" að höf. er gert að boða a alþýð legan hátt (með því að draga upp einfaldar fyrirmyndir) gildi þess að sótt sé fram til kommúnisma, m.a. skal fólk í skáldverkum vera persónugervingar pólitískra hugsjóna sovétskipulagsins eða þjóna þeim óbeint á annan hátt... S. er einnig að því leyti pólitískur að hann er af valdhöfunum tekinn fram yfir aðrar stefnur sem réttur og leyfilegur." Þarna er Hannes enn að reyna að troða þeirri hugmynd uppá okkur að skoðanakúgunin sem viðgengst í Sovétríkjunum sé hinn eini sanni sósíalrealismi. Ég legg til að við tökum þeirri fræðslu með fyrirvara. Ég vil líka vekja athygli á því að sósíalrealistar skrifa ekki eingöngu barnabækur eftir löngu úreltum og borg-

framhald á síðu 3